



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 18. nóvember 2019

USK2019060031

4.5

Skóla- og frístundaráð

Fyrirspurn um húsnæðismál í Hagaskóla. Tilvísun í mál SFS19060110.

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 11. júní 2019 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

"Hvernig hyggjast skólayfirvöld í Reykjavík bregðast við því alvarlega ástandi sem komið er upp í Hagaskóla þar sem húsnæði er orðið heilsuspillandi bæði fyrir nemendur og starfsfólk þar sem koltvísýringur hefur mælst of hár í lofti og kennslustofurnar orðnar of litlar miðað við nemendafjölda. Samkvæmd niðurstöðum mælinga verkfræðistofunnar Mannvits er meðalstyrkur koltvísýrings í lofti í öllum skólastofum of hár og uppfyllir ekki kröfur nógildandi byggingareglugerðar. Þá standast kennslustofu í elstu byggingum Hagaskóla ekki reglugerð um gerð og búnað grunnskólahúsnæðis þar sem hver og ein kennslustofa er ekki nema 47 fermetrar en samkvæmt reglugerð á kennslustofa með 22-28 nemendum að vera minnsta kosti 60 fermetrar."

Svar:

Í sumar og haust hefur verið unnið að endurbótum loftgæða í Hagaskóla. Bætt var við opnanlegum gluggum í kennslustofur í B og C álmu, loftspaðaviftur settar upp, ein í hverja stofu, loftstokkar hreinsaðir, innblástursristar loftmagnsstilltar og endurbætur gerðar á útsogsblásara. Utanhúss var gert við múrskemmdir í B og C álmu ásamt viðgerðum á gluggum. Þessum framkvæmdum er nú lokið.

Unnið er að gerð útboðsgagna vegna úttektar á húsnæði allra grunn- og leikskóla, frístundaheimila, frístundamiðstöðva og félagsmiðstöðva. Úttektin innifelur alla þætti fasteigna er varða loftgæði, öryggismál og almennt ástand fasteigna. Reiknað er með að útboðið fari fram í lok nóvember nk. Stefnt er að því að úttektum verði lokið í byrjun júní 2020 og að niðurstaða úttektar verði notuð til grundvallar viðhaldsáætlunar árið 2021.

Agnar Guðlaugsson, deildarstjóri byggingadeildar
á skrifstofu framkvæmda og viðhalds

